



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2019

1903003SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES reglur, burðarpokar), 149. löggjafarþing – 512. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem Sambandi Íslenskra sveitarfélaga er gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn um ofangreint þingmál.

Almennt

Í frumvarpinu er sett fram tillaga að tölulegum markmiðum varðandi árlega notkun burðarpoka úr plasti. Lagt er til að eigi síðar en 31. desember 2019 skuli árlegt notkunarmagn burðarpoka úr plasti vera 90 á hvern einstakling eða færri og, eigi síðar en 31. desember 2025 40 burðarpokar eða færri.

Þá er lagt til í frumvarpinu að óheimilt verði að afhenda burðarpoka, þ.m.t. burðarpoka úr plasti, án endurgjalds á sölustöðum vara og að gjaldið verði sýnilegt á kassavittun. Fram kemur í skýringum við 4. gr. að í ákveðnum atriðum er gengið lengra en krafist er í tilskipuninni. Á það m.a. við um bann við endurgjaldslausa afhendingu burðarpoka úr öðrum efnum en plasti, og að frá 1. júlí 2021 er lagt algert bann við því afhenda burðarpoka úr plasti, hvort sem er gegn endurgjaldi eða ekki. Þó er enn heimilt að selja burðarpoka úr plasti í hillum inni í sölurými verslana.

Aðgerðaáætlun um hvernig draga má úr notkun plasts, bæta endurvinnslu þess og takast á við plastmengun í hafi

Í frumvarpinu kemur fram að það sé í samræmi við tillögu að aðgerðaáætlun um hvernig draga má úr notkun plasts, bæta endurvinnslu þess og takast á við plastmengun í hafi sem samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum skilaði til umhverfis- og auðlindaráðherra 1. nóvember 2018. Þar eru lagðar til 18 aðgerðir og er ein af þeim tillaga varðandi burðarpoka úr plasti. Drögin að aðgerðaáætlun voru til umsagnar á samráðsgátt Stjórnarráðsins og er nú unnið úr niðurstöðum samráðsins.

Sambandið vill ítreka fyrri umsögn um að umræddar tillögur eru enn í vinnslu og því ekki hægt að líta á þær sem eiginlega aðgerðaáætlun. Umrædd aðgerðaáætlun þarf ítarlega rýni, fara þarf fram vönduð kostnaðar- og ábatagreining á öllum tillögum starfshópsins og þeim í framhaldinu forgangsraðað. Jafnframt vill sambandið undirstrika að engar viðræður hafa farið fram milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun þeirra verkefna sem starfshópurinn leggur til en ljóst er að kostnaður við einstaka tillögur getur orðið mjög mikill fyrir sveitarfélög. Er því mikil vinna fram undan áður en aðgerðaáætlunin geti talist fullmótuð og tilbúin til framkvæmda.

Það orkar því tvímælis, að álit sambandsins, að lögfesta bann við afhendingu burðarpoka í því frumvarpi sem hér er til umsagnar á grundvelli aðgerðaáætlunar sem er ókláruð, í stað þess að umræða um slíkt bann fari fram í heildarsamhengi við drög að aðgerðaáætlun gegn plastmengun.

Afstaða sambandsins til frumvarpsins

Sambandið lýsir yfir eindregnum stuðningi við að dregið verði úr notkun burðarpoka úr plasti og er raunar augljóst að þeir eru nú þegar á miklu undanhaldi í verslunum. Vitund neytenda um mikilvægi þess að draga úr soun og umhverfismengun með þessum hætti er einnig að aukast hratt. Að álit sambandsins er þó tilefni til þess að staldra við og skoða gaumgæfilega hvort þær leiðir sem lagðar eru til séu vænlegastar til árangurs.

Staðsetning ákvæða frumvarpsins í lög um hollustuhætti og mengunarvarnir

Sambandið telur ríka ástæða til að andmæla því að ákvæði frumvarpsins verði sett inn í lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að álit sambandsins væri á allan hátt eðlilegra að leggja til breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, enda er hér verið að leggja til úrgangsforvarnir, sem falla vel að umgjörð þeirra laga. Einnig væri hægt að fara þá leið að vera með sérstök lög um málefnið.

Ekki verður annað séð en að ákvæði frumvarpsins séu á flestan hátt eðlisólík markmiðum og umgjörð laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá hefur sambandið áður gert athugasemd við þá stefnu ráðuneytisins að bæta sífellt nýjum efnisákvæðum og köflum við þessi annars ágætu rammalög í þeim tilgangi að innleiða sérhæfðar evróputilskipanir. Af þeirri ástæðu eru lögin orðin mjög mikil að vöxtum og á flestan hátt óaðgengileg fyrir almenning og þær stofnanir sem vinna að framkvæmd laganna. Hlýtur að líða hratt að því að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga kalli eftir því að sett verði ný og aðgengilegri lög um heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Rétt er einnig að vekja athygli á því að ekki er ljóst hvaða opinberi aðili eigi að framfylgja ákvæðum kafla um burðarpoka. Fram hefur komið sú ábending frá forstöðumönnum heilbrigðiseftirlitssvæða að stór hluti þeirra fyrirtækja sem hinum nýju lagaákvæðum er ætlað að beinast að eru ekki starfsleyfisskyld samkvæmt hollustuháttalögum og falla þar með ekki undir eftirlit heilbrigðisnefnda. Eðlilegt er að skýrt sé hver það er sem eigi að framfylgja ákvæðum um burðarpoka og hvernig eigi að bregðast við brotum á þeim.

Frumvarpið gengur lengra en evróputilskipun gefur tilefni til

Í frumvarpinu er lagt til að óheimilt verði að afhenda burðarpoka án endurgjalds á sölustöðum óháð því úr hvaða efni þeir eru. Er hér gengið lengra en í tilskipuninni þar sem hún nær eingöngu yfir burðarpoka úr plasti. Óljóst er af hverju bannið nær yfir aðrar tegundir burðarpoka, svo sem bréfpoka, og hvaða markmiði eigi að ná með því að útvíkka bannið yfir allar tegundir burðarpoka. Að álit sambandsins er tilefni til þess að fram fari málefnaleg umræða hér á landi, á grundvelli vistferilsgreiningar, um kosti og galla þess að leggja algert bann við afhendingu burðarpoka úr plasti líkt og lagt er til í frumvarpinu. Hið sama á við um bann við því að afhenda, t.d. bréfpoka án endurgjalds á sölustöðum.

Almenn afstaða sambandsins er sú að veigamiklar ástæður þurfi ávallt að liggja því til grundvallar að ganga lengra í innleiðingu tilskipana ESB en beinlínis leiðir af skuldbindingum á grundvelli EES-samningsins. Sú afstaða á einnig við í þessu máli og er m.a. mikilvægt að fyrir liggi svör við því hvaða áhrif samþykkt frumvarpsins muni hafa á starfsemi verslana hér á landi, ásamt greiningu á þeim umhverfislega ávinningi sem af því muni leiða.

Markmið um minnkun plastnotkunar

Komið hefur fram í umsögnum aðila þegar frumvarpið var í vinnslu að óljóst sé hvaða áhrif umrædd lagasetning mun hafa. Með frumvarpinu er stefnt að því að neytendur velji sér aðrar lausnir en burðarpoka úr plasti en ekki hefur verið sýnt fram á að aðrir kostir séu hagkvæmari þegar horft er til greiningar á lífsferilsáhrifum mismunandi tegunda burðarpoka. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að þrátt fyrir bannið er verslunum enn heimilt að hafa burðarpoka úr plasti til sölu fyrir framan afgreiðsluborð verslana.


Með hliðsjón að þeim athugasemdum sem komið hafa fram telur Sambandið að sterk rök séu til þess að skoða frumvarpið betur til þess að ná breiðari sátt um leiðir til að minnka plastnotkun almennt. Drög að aðgerðaáætlun um hvernig draga má úr notkun plasts, bæta endurvinnslu þess og takast á við plastmengun í hafi er góður vettvangur til slíks samráðs þar sem tækifæri gefst til að horfa á notkun á plasti almennt.

Samantekt

Samband Íslenskra sveitarfélaga hvetur til þess að nefndin skoði gaumgæfulega ofangreindar athugasemdir og þá sérstaklega hvort ekki sé tilefni til þess að málinu sé vísað til frekari vinnslu samhliða aðgerðaáætlun um hvernig draga má úr notkun á plasti. Ef ekki, er hvatt til þess að setja sérstök lög um efnið í staðinn fyrir sér kafla í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

